



Skautasamband Íslands
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Ísland

14. Ársþing Skautasambands Íslands ÍSS Laugardaginn 23. maí 2009 kl 13:00

Fundarsalur E ÍSÍ húsi Engjavegi 6, Reykjavík

1. Þingsetning

June Eva Clark formaður ÍSS býður gesti velkomna á 14. Ársþing Skautasambands Íslands

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

June gerir að tillögu sinni að Hafsteinn Pálsson meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ verði þingforseti og Borghildur Fjóra Kristjánsdóttir verði þingritari. Samþykkt samhljóða.
Hafsteinn Pálsson kynnir sig fyrir fundargestum og hann er einnig fulltrúi ÍSÍ. Engin gerir athugasemd við boðun þings. Hafsteinn gerir að tillögu sinni að færa lið 3. ávörp gesta aftur fyrir umræður um skýrslu stjórnar. - Samþykkt samhljóða

3. Ávörp gesta.

Þessi liður flyst aftur fyrir umræður um skýrslu stjórnar

4. Kosnar fastar þingnefndir

Fundarstjóri gerir að tillögu sinni að kosið verði í allsherjarnefnd. - Samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd:

Rósa Benediktsdóttir
Jóhanna Sigmarsdóttir
Bjarnveig Guðjónsdóttir

Kjörnefnd:

Jóhanna Sigmarsdóttir
Rósa Benediktsdóttir
Bjarnveig Guðjónsdóttir

Fjárhagsnefnd:

Sigríður Guðjohnsen
Þóra Gunnarsdóttir
Kristín Þöll Þórsdóttir

Leikreglanefnd:

Borghildur Fjóra Kristjánsdóttir
Kristín Linda Kristinsdóttir
Jóhanna Sigmarsdóttir

Allsherjarnefnd:

Hilda Jana Gísladóttir
Helga Olsen
Helga Ívarsdóttir

Peir sem fara með atkvæði kjörbréfa eru:

ÍBR/BJÖRNINN

Rósa Kristín Benediktsdóttir, Helga Olsen, Erlendína Kristjánsson, Kristín Halldórsdóttir.

ÍBR/SR

Bjarnveig Guðjónsdóttir, Helga Ívarsdóttir, Þóra Gunnarsdóttir, Kristín Linda Kristinsdóttir, Sóley Þráinsdóttir

Bjarnveig fer með umboð fyrir Sóleyju Þráinsdóttur.

ÍBA/SA

Jóhanna Sigmarsdóttir, Kristín Þöll Þórsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Helga Margrét Clarke.

Kjörbréfanefnd gerir ekki athugasemdir við kjörbréfin.

Atkvæði eru alls 13. Níu frá ÍBR og fjögur frá ÍBA.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu

June Eva Clark formaður ÍSS les skýrslu.

6. Skýrsla gjaldkera og formanns mótanefndar

Sigríður Guðjohnsen les skýrslu gjaldkera.

Kristín Linda Kristinsdóttir formaður mótanefndar les skýrslu mótanefndar.

7. Umræður um skýrslur formanns/gjaldkera/mótanefndar

Rósa biður um orðið og spyr um Finnlandsverkefni sem June talar um í skýrslunni. June skýrir frá þessu verkefni sem var í gangi fyrir nokkrum árum með æfingabúðum og mótum og er vinna í gangi við að endurvekja þetta verkefni.

Hilda Jana biður um orðið og gerir athugasemd við skýrslu formanns um að aðildarfélag hafi talað við fulltrúa ÍSS um að stjórn sé að leggja fram tillögur sem stangist á við tilmæli ÍSÍ. Hún vill leiðrétta þetta, segir að SA hafi talað óformlega við fulltrúa ÍSÍ að hans frumkvæði, enda hafi hann viljað fá að heyra hvernig þessum málum væri háttað, enda sé SA fyrirmyndarfélag ÍSÍ og þessir fundir því ekki óeðlilegir.

Hilda Jana tekur fram að henni finnist ekki jákvætt viðhorf gagnart Skautafélagi Akureyrar af hálfu ÍSS. Hún lýsir því yfir að allir séu í sjálfboðavinnu og vilji vinna gott starf fyrir börnin og skautaíþróttina.

Rósa biður um orðið. Hún þakkar fyrir að skýring hafi komið fram á þessum lið í skýrslunni og tekur fram að henni þyki hann óviðeigandi.

June svarar. Hún segist hafa fengið símtal frá fulltrúa ÍSS þar sem hann hafi spurt hvort stjórn ÍSS sé að leggja fram tillögur sem stangist á við tilmæli ÍSÍ og að ÍSS meini börnum þátttökum á mótum. Hún segir það ekki rétt og að ÍSS hafi alla tíð farið að tilmælum ÍSÍ, þannig að það er klárlega einhver miskilningur í gangi einhvers staðar.

Ávarp gesta.

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ ber kveðju frá framkvæmdarstjórn ÍSÍ og flytur stutt ávarp.

8. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Sigríður Gudhonsen leggur fram fjárhagsáætlun. Þingforseti gerir tillögu um að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar. – samþykkt samhljóða

9. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar

Engar lagabreytingar.

Borghildur F. Kristjánsdóttir leggur fram þær reglugerðabreytingar sem stjórn ÍSS kemur fram með.

Þóra Gunnarsdóttir leggur fram breytingatillögur frá Skautafélagi Reykjavíkur.

Fundarstjóri gerir tillögu um að vísa reglugerðarbreytingum til leikreglnanefndar. – samþykkt samhljóða.

10. Teknar til umræðu aðrar tillögur og mál sem fyrir þinginu liggja

Engar tillögur lagðar fram

- Þinghlé -

Nefndir taka til starfa í þinghléi

11. Nefndarálit og tillögur

Allsherjarnefnd.

Hilda Jana Gísladóttir formaður allsherjarnefndar gerir grein fyrir tillögum þeirra.

Fjórar tillögur

1. Grunnprófsnefnd sé starfandi og hennar hlutverk sé að tryggja viðeigandi upplýsingar og úrvinnslu grunnprófa.- samþykkt samhljóða.
2. Að stjórn ÍSS tryggi viðeigandi upplýsingaflæði milli stjórnar og aðildarfélaga. Umræður skapast um hvernig þessu upplýsingaflæði skuli háttað. Tillögur koma fram um að halda reglulegri formannafundi eða að skýrslur stjórnar ÍSS séu annaðhvort settar inn á lokað vefsvæði þar sem formenn aðildarfélaga hafa aðgang eða sendar í tölvupósti á formenn aðildarfélaga. Samþykkt að hafa formannafundi reglulega yfir veturinn.
3. Að tillögum efnislegra reglugerðabreytinga ÍSS fylgi rökstuðningur - samþykkt.

Þingforseti telur að þetta kæmi sjálfkrafa með tillögunni á undan. Leggur til að stjórn og aðildarfélög séu með ítarleg samskipti um reglugerðabreytingar fyrir þing. Gott að þessi rökstuðningur verði hluti af vinnu fyrir þing og búið að ræða að hluta til á formannafundi. Það myndi minnka umræður á þinginu sjálfu.

4. Stjórnir aðildarfélaga fá umsögn fararstjóra um sína þjálfara og iðkendur á mótum erlendis. - Samþykkt.

Leikreglnanefnd.

Forseti þingsins gerir grein fyrir tillögum þeirra.

Reglugerð 3 - Samþykkt með breytingum.

3.1. Bætt við „hans“ í lok greinarinnar.

3.2. Tekið út „hlutaðeigandi“ og bætt inn „ÍSS“.

Reglugerð 4 - Samþykkt með breytingum.

4.1. ÍSS lýtur dómstólum ÍSí í stað ÍSS fellur undir dómstóla ÍSí.

Reglugerð 5 - Samþykkt með breytingum.

5.2. Dómari sem tilnefndur hefur verið má ekki vera þjálfari, foreldri keppanda, né keppandi á viðkomandi *móti*, innan aðildarfélaga ÍSS. *Þjálfarar iðkenda á byrjendastigi, til og með fjólubláa skautanum, eru þó undanskildir.*

Reglugerð 6 - Samþykkt með breytingum.

6.4. Bætt verði inn í lok greinarinnar „ár hvert“.

Reglugerð 8 - Samþykkt með breytingum.

8.2. Bætt við „starfandi dómurum“ á eftir starfandi formönnum.

Reglugerð 9 - Samþykkt með breytingum.

9.3 Keppendum er *ávallt* heimilt að skipta um félag en er þó ekki heimilt að keppa fyrir hið nýja félag fyrr en 5 vikur eru liðnar frá því að tilkynning um félagaskiptin hefur borist skrifstofu ÍSS *skriflega*. *Stjórn ÍSS getur þó veit undanþágu frá þessari reglu.*

9.4 - ekki samþykkt.

Reglugerð 10 - Samþykkt með breytingum.

10.6. Keppnistímabilið er frá 1. júlí - 30. júní og skal aldursskipting miðast við keppnistímabilið. Þ.e. aldur *keppanda* 1. júlí.

10.8. Tilkynna skal *einkunn* í keppnisflokkum 12 ára og yngri A og 12 ára og yngri B og protocol gerð aðgengileg. *Verðlaunaafhending skal fara fram með sama hætti og í yngri flokkum.*

10.9. Úrslit allra keppnishópa skulu hengd upp um leið og yfirdómari hefur kvittað upp á úrslit, þetta skal gerast fyrir verðlaunaafhendingu.

Aðeins tilgreind fyrstu 3 sætin hjá 10 ára/11 ára dr. og yngri og 8 ára/9 ára dr. og yngri.

Reglugerð 12 - samþykkt að undanskildum greinum 12.3 og 12.7

Fjárhagsnefnd

Engar breytingar á fjárhagsáætlun.

12. Kosning stjórnar og varastjórnar samkvæmt 9.gr

Formaður kjörnefndar gerir grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Stjórn Skautasambands Íslands 2009/2010

Formaður: Í framboði er June Eva Clark. - Samþykkt samhljóða.

Meðstjórnendur: Í framboði eru Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir, Inga Randversdóttir, Kristín Linda Kristinsdóttir og Sigríður Matthildur Gudjensen. - Samþykkt samhljóða.

Varastjórn: Í framboði eru Bára Margrét Benediktsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Kristín Linda Steingrímsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Kosning.

Atkvæði falla þannig: Bára Margrét Benediktsdóttir - 9 atkvæði, Hilda Jana Gísladóttir - 8 atkvæði, Kristín Linda Steingrímsdóttir - 10 atkvæði og Þóra Gunnarsdóttir - 12 atkvæði.

Réttkjörnar í varastjórn eru því: Bára Margrét Benediktsdóttir, Kristín Linda Steingrímsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

13. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tilnefndar eru Auður Harðardóttir og Elísabet Eyjólfsdóttir. – Samþykkt samhljóða.

Tilnefndar til vara: Signe Viðarsdóttir og Sigrún Inga Mogensen. – Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

June: Þakkar traustið við kosningu sína til formanns. Hún þakkar Sigrúnu Ingu Mogensen fyrir sín störf innan sambands og vonar að við fáum að njóta krafta hennar áfram.

Hún þakkar einnig Erlendínu Kristjánsson fyrir sín störf innan sambandsins og bendir á að Erlendína hafi setið í stjórn allt frá stofnfundi Skautasambands Íslands. Vonandi fáum við einnig að njóta hennar krafta áfram.

Bjarnveig: Óskar nýrri stjórn til hamingju og þakkar fyrir gott starfsár.

Þingslit

Haraldur Pálsson þingforeseti þakkar samsstarfið fyrir hönd ÍSÍ og segir þingi sliti kl. 17.00.

Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir

Þingritari.